

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

22. desember 2025, Reykjavík
UOS2511108/R.S.

Umsögn – Matskyldufyrirspurn – Endurvinnsla á saltgjalli og gjallsandi, Grundartanga

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Alur álvinnsla áformar að bæta skrefi við framleiðsluferill sinn sem að breytir saltgjalli og gjallsandi í söluvöruna NMP, en í dag eru saltgjall og gjallsandur úrgangur úr endurvinnsluferli þeirra á álgjalli og sem það verði sent erlendis til endurvinnslu eða urðað í flæðigryfjunum á Grundartanga. Úr endurvinnsluferli þeirra á álgjalli munu því fást tvær vörur í stað einnar áður, annars vegar ál sem er selt til álbræðslna og hins vegar NMP sem selt er til iðnaðarframleiðslu og er m.a. notað til íblöndunar í steinull, sement og malbik.

Umsögn stofnunarinnar

Í matskyldufyrirspurninni var lagt mat á áhrif á vatn og loftgæði, en áhrifin voru í báðum tilvikum metin óveruleg. Flúor og klór sem að nú skila sér til sjávar í gegnum útskolun frá flæðigryfjum mun fara út um frárennsli frá starfseminni og því sé ekki ástæða til að ætla að áhrif á lífríki breytist við það. Þá segir í matskyldufyrirspurninni um loftgæði að lítið magn af vetni og metan geti fræðilega myndast en ekkert hafi mælst í tilraunum. Metan og vetni í úblæstri verður vaktað. Þá verði ekki lengur hætta á ammoníakslykt líkt og nú þar sem að viðbótarferillinn fjarlægir ammoníak.

Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að saltgjall og gjallsandur séu endurunnin á staðnum frekar en að vera send til endurvinnslu erlendis eða urðuð í flæðigryfjum. Þá er einnig jákvætt að ammoníak muni ekki berast lengur frá framleiðslunni. Ekki er talið líklegt að tilfærsla á losun flúors frá flæðigryfjum í frárennsli muni hafa áhrif á strandsjávarhlötið, en styrkur þessi í vöktunarmælingum í Hvalfirði hefur mælst eðlilegur fyrir sjó.

Fyrirhuguð breyting á framleiðsluferli Als álvinnslu kallar á breytingar á starfsleyfi þeirra en Alur hefur þegar sótt um breytingu á starfsleyfi sínu.

Umhverfis- og orkustofnun telur að fyrirhuguð breyting sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Rakel Sæmundsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymi leyfa og umsagna